

Til bæjarstjóra
Frá Helgu Jónsdóttur

Fyrirspurn vegna birtrar vinnslutillögu um Kársnesstíg á sunnnaverðu Kársnesi

1. Hefur samningum Kópavogsbæjar frá 1993 sem gerðir voru við íbúa á Þinghólsbraut 57 og 59 til að geta lagt Kópavogsræsið verið breytt? Hafa íbúar gefið eftir réttinn sem þau sömdu um þegar þau gáfu eftir land og urðu við óskum Kópavogsbæjar um að breyta erfðafestusamningum í leigulóðarsamninga?
2. Hvenær og með hvaða ákvörðun var aðalgöngustígnum á opnu svæði meðfram suðurströnd Kársness breytt í hjóla- og göngustíg?
3. Í vinnslutillögu um Kársnesstíg á sunnnaverðu Kársnesi sem nú er í skipulagsgátt er lagt til að komið verði fyrir aðgreindum hjólastíg sem stuðlar að skýrari aðgreiningu ferðamáta. Telur Kópavogsbær sér heimilt að leggja slíka tillögu fyrir almenning ef ekki liggur fyrir lausn á kröfum íbúa á grunni ofangreindra samninga?

Greinargerð

Vegna lagnar Kópavogsræsisins gerði bærinn í apríl og maí 1993 samninga um að leysa til sín erfðafesturéttindi á nokkrum lóðum við neðanverða Þinghólsbraut. Samningarnir voru staðfestir í bæjaráði 27. maí sama ár og hefðbundnir lóðarleigusamningar til 50 ára gefnir út í kjölfarið. Erfðafestusamningarnir erfðust og voru ekki uppsegjanlegir en vegna fráveitunnar var Kópavogsbæ nauðsynlegt að afla viðbótarlands með samningum eða eignarnámi eða láta reyna á framkvæmdir í einstæðri fjöru, sem síðar var friðuð árið 2012. Samningar við alla erfðafestuhafa tókust og voru áþekkir þó með einhverjum frávikum. Í dæmaskyni fylgir hér með samningur sem gerður var um Þinghólsbraut 59 í Kópavogi. Þar kemur m.a. fram:

... lýsa bæjaryfirvöld því yfir, að eftir að gerð Kársnesveitu er lokið þá eru frekari framkvæmdir við strandlengjuna niður undan lóðunum að Þinghólsbraut 53-73 ekki fyrirhugaðar, og mun fjörunni á þessu svæði haldið ósnortinni um ókomna tíð. (3.gr.)

Væntanleg gönguleið, sem verður meðfram holræsinu, skal lögð sunnan ræsisins niður undan lóðunum Þinghólsbraut 55-59 og eins lágt í landinu og unnt er með góðu móti vegna sjávarfalla, sbr. uppdrátt bæjarverkfræðings (þversnið) dags. 27. apríl 1993. Kópavogsbær mun láta gera göngubraut þessa líkt og þá stíga, sem Reykjavíkurborg er að gera í Öskjuhlíð, þ.e. úr blöndu af sandi, leir og lítilsháttar mold sem síðan er sáð í, þannig að fram komi gróinn harðbali. Göngubraut þessi, niður undan lóðunum, verður ekki lögð bundnu slitlagi án samþykkis leigutaka. (4.gr.)

Að uppfylltum ákvæðum þeim, er hér að framan greinir, lýsa undirritaðir leigutakar því yfir að þeir geri engar frekari kröfur á hendur Kópavogskaupstað vegna afhendingar erfðaleiguréttar né þeirra breytinga rasks og ónæðis, sem af samningi þessum leiðir. (8.gr.)

Til viðbótar má vitna í samning um Þinghólsbraut 57, en þar kemur m.a. fram:

Samhliða byggingu dælustöðvar og gerð Kársnesræsis mun Kópavogsbær gera göngubraut frá Sunnubraut að Kópavogshöfn. (5.gr.)

Eins og í samningnum um Þinghólsbraut 59 er fyrirheit um stíg líkan stígum Reykjavíkurborgar í Öskjuhlíð úr blöndu af sandi, leir og lítilsháttar mold, sem síðan er sáð í, þannig að fram komi gróinn harðbali. Göngubraut niður undan lóðunum verði ekki lögð bundnu slitlagi án samþykkis leigutaka. Jafnframt er staðfest í samningnum að frekari framkvæmdir við strandlengjuna niður undan lóðunum séu ekki fyrirhugaðar, og muni fjörunni á þessu svæði haldið ósnortinni um ókomna tíð.

Strax í fyrsta heildarskipulagi fyrir Kársnes 1949 var öll suðurströnd Kársnes sýnd sem útivistarsvæði eða *promenade*. Þannig var staðan þegar íbúar við Þinghólsbraut 57 og 59 gerðu erfðafestusamninga. Í bréfi til bæjarins í febrúar 2005 segjast þau hafa verið sannfærð um að réttarstaða þeirra yrði óbreytt eftir gerð nýs samnings þar sem erfðafestu var breytt í lóðarleigu. Þau hafi látið til leiðast vegna fyrirheita um að fullt tillit yrði tekið til óska þeirra um frágang vegna framkvæmdanna. Fram kom að þau teldu það skýlaust samningsbrot ef framkvæmdir við stíginn yrðu ekki í samræmi við samninginn. Í fyrri og síðari samskiptum bæjarins við íbúa fæst ekki séð að bærinn vísi í hjólastíg eða samgöngustíg, aðeins í göngubraut eða aðalgöngustíg sem eigi eftir að fá verulega aukna gönguumferð að framkvæmdum loknum.

Með vísan í forsöguna og þá samninga sem Kópavogsbær gerði við íbúa þegar bænum var nauðsyn á að fá aðgang að erfðafestulandi þeirra er mikilvægt að ofangreindum spurningum sé svarað sem allra fyrst.

Hjál.

Samningur Kópavogsbæjar við eigendur Þinghólsbrautar 59